Hugleiðingar um heiðagæsir og hreindýr eftir ferð Náttúrustofu Austurlands í Kringilsárrana 7. og 8. ágúst 2015.

Heiðagæsir voru taldar á Snæfellsöræfum 17. júlí 2015. Þegar niðurstöður eru skoðaðar fyrir Hálslón og Kringilsár- og Sauðárrana sést að þar finnst nú aðeins 57% af fullorðnum fuglum miðað við talninguna 2014. Hins vegar er minni munur á fjölda unga (1. tafla).

1. tafla. Niðurstöður heiðagæsatalningar á Hálslóni og vestan þess 17. júlí 2015 og samanburður við 2014.

	2014		**2015**	
	Fullvaxnar	Ungar	Fullvaxnar	Ungar
Hálslón A	231	91	229	225
Hálslón V	133	6	0	0
Kringilsárrani	2143	221	1101	76
Kringilsá	340	48	349	101
Sauðárrani	339	81	135	6
Samtals	**3186**	**447**	**1814**	**408**

Það bendir til að tíðarfarið hafi líklega haft minni áhrif á varp í Kringilsárrana en víða annars staðar á Snæfellsöræfum. Mun snjóléttara var innan Töðuhrauka í Kringilsárrana í vor en t.d. á Vesturöræfum (1.-3. mynd).



1. mynd. Töðuhraukar í Kringilsárrana 19. maí 2015, horft í vestur.



2. mynd. Kringilsárrani 19. maí 2015.



3. mynd. Sauðár- og Kringilsárrani 19. maí 2015.

Gæsabeit í Kringilsárrana

Þegar starfsmenn Náttúrustofunnar gengu um Kringilsárrana 7. og 8. ágúst 2015 leyndi sér ekki að gæsabeit var mikil og mun meiri en menn hafa tekið eftir í fyrri ferðum. Einna mest áberandi var beit kornsúru en ýmsir einkímblöðungar voru líka mikið bitnir. Mikill gæsaskítur vitnaði einnig um beitina (4.-7. mynd). Fróðlegt verður að vinna úr þeim gögnum sem nú söfnuðust og bera saman við gróðurgögn fyrri athuganna. Brýnt er að heimsækja Ranann á varptíma og leggja mat á umfang varps og stefnt að því að það verði 2016.

4. mynd. Gæsabeit í Kringilsárrana á ágúst 2015.

5. mynd. Gæsaskítur í úttektarreit í Kringilsárrana 8. ágúst 2015.

6. mynd. Gæsabeit í Kringilsárrana innan Töðuhrauka 8. ágúst 2015.

7. mynd. Gæsabeit í Kringilsárrana við Töðuhrauka 8. ágúst 2015.

8. mynd. Holur eftir upprifnar kornsúrur í Kringilsárrana 8. ágúst 2015.

Fróðlegt verður að fylgjast með því í framtíðinni hvað áhrif þessi mikla gæsabeit muni hafa á gróðursamfélög í Kringilsárrana.

Hreindýr í Kringilsárrana

Nýlegar slóðir sáust eftir 3-4 hreindýr og a.m.k. einn kálf stutt utan við Töðuhrauka 7. og 8. ágúst 2015. Leiðangursmenn sáu aðeins eitt dýr sem líklega var veturgamall tarfur. Undanfarin nokkur ár hafa hreindýrin afar lítið gengið í Kringilsárrana. Annað var upp á teningunum í leiðangri náttúrustofunnar 17. ágúst 2006 en þá sáust m.a. nokkrir rígfullorðnir tarfar (9. og 10. mynd). Frá og með 2007 hafa tarfar varla sést í Kringilsárrana.

9. mynd. Hreintarfar í Kringilsárrana 17. ágúst 2006.

9. mynd. Hreintarfar í Kringilsárrana 17. ágúst 2006.